

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Vesturbyggð.

## 1. gr.

Af hundum í Vesturbyggð utan lögþýla skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald nr. 567/1997.

## 2. gr.

Við leyfisveitingu hunda skal innheimta gjald sem hér segir og er það jafnframt árgjald það árið:

|                                     |            |
|-------------------------------------|------------|
| Fyrsta leyfisveiting                | 12.200 kr. |
| Leyfisveiting eftir útrunninn frest | 15.880 kr. |
| Bráðabirgðaleyfi                    | 4.300 kr.  |

## 3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:  
Einn hundur 9.830 kr.

## 4. gr.

Greiðslur vegna trygginga og álega hundahreinsun eru innifaldar í leyfisgjaldi.

## 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

|                                  |            |
|----------------------------------|------------|
| Fyrsta afhending hunds           | 10.960 kr. |
| Önnur afhending hunds            | 21.980 kr. |
| Þriðja afhending hunds           | 21.980 kr. |
| Fyrsta afhending hunds án leyfis | 25.650 kr. |

Oheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

## 6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

## 7. gr.

Undanþegnir leyfisgjaldi eru leitarhundar björgunarsveita og hjálparhundar fatlaðra og skal ljósrit af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalfa. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald í Vesturbyggð nr. 635 frá 2. júlí 2012. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1304 fyrir hundahald í Vesturbyggð frá 20. desember 2013.

*Vesturbyggð, 4. desember 2014.*

**Ásthildur Sturludóttir** bæjarstjóri.